



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



**NORRÆNIR
MUSIKDAGAR**

29. SEPTEMBER 2016

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum standur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð tímalengd:

AERIALITY: 13'00"

Fiðlukonsert: 30'00"

...can modify... : 8'00

Frumefnin fimm: 30'00"

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

FIN 29 SEP 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

NORRÆNIR MÚSKÍKDAGAR

Daniel Raiskin
hljómsveitarstjóri

Akiko Suwanai
einleikari

Aart Strootman
einleikari

EFNISSKRÁ

Anna Þorvaldsdóttir
AERIALITY (2010-2011)

Esa-Pekka Salonen
Fiðlukonsert (2009)

- I. Mirage
- II. Pulse I
- III. Pulse II
- IV. Adieu

Hlé

Juliana Hodkinson
**...can modify completely/in this case/
not that it will make any difference** (2015-2016)
fyrir rafgítar og hljómsveit

Benjamin Staern
Godai: frumefnin fimm (2012-2013)

- 1. Jörð. Inngangur
 - 2. Vatn. Aría
 - 3. Eldur. Millþáttur
 - 4. Loft/skuggi. Niðurlag
-



© Marco Borggreve

DANIEL RAISKIN

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Daniel Raiskin hóf tónlistarnám á heimaslóðum í St. Pétursborg 6 ára gamall og stundaði síðan framhaldsnám í víóluleik og hljómsveitarstjórn við tónlistarháskóla borgarinnar. Á þeim árum sótti hann einnig tíma hjá Mariss Jansons, Neeme Järvi, Milan Horvat, Woldemar Nelson og Jorma Panula.

Tvítugur að aldri yfirgaf hann heimalandið og hélt til frekara náms í Amsterdam og Freiburg þar sem hann aflaði sér viðurkenningar sem einn af fremstu víóluleikurum Evrópu, bæði sem einleikari og kammersúsikant. Hann ákvað síðan að snúa sér alfarið að hljómsveitarstjórn og slóst brátt í hóp fremstu stjórnenda af yngri kynslóðinni.

Raiskin var aðalstjórnandi Rínar fílharmóníunnar í Koblenz frá 2005 til 2016 og gegndi á árunum frá 2008 til 2015 sömu stöðu við Artur Rubinstein fílharmóníuna í Łódź í Póllandi. Hann kemur reglulega fram sem gestastjórnandi með hljómsveitum í Evrópu, Asíu og Ameríku og má þar nefna Fílharmóníusveitina í Belgrad, Sinfóníuhljómsveitirnar í Düsseldorf og Malmö, Mariinsky hljómsveitina, Mozarteumhljómsveitina í Salzburg, Útvarpshljómsveitina í Prag og fílharmóníusveitirnar í Varsjá og Shanghai. Frá haustinu 2017 verður Raiskin aðalgestastjórnandi Fílharmóníuhljómsveitarinnar í Belgrad.

Raiskin hefur látið að sér kveða í óperuheiminum. Svo nokkur dæmi séu tekin, þá stjórnaði hann fyrir nokkrum árum Minsk-hljómsveitinni í eftirminnilegri uppfærslu á Mozartóperunni *Don Giovanni* á Óperuhátíðinni í St. Margarethen í Austurríki. Óperunni *Carmen* stýrði hann hjá þýska óperufélaginu Opera Zuid og í Þjóðarleikhúsi Koblenz þar sem óperan *Nefið*, eftir Shostakovitsj, hljómaði einnig undir hans stjórn.

Hljóðritanir Raiskins fyrir AVI-útgáfufyrirtækið með selló-konsertum eftir Korngold, Bloch og Goldschmidt ásamt Julian Steckel hlutu Echo Klassik-verðlaunin 2012 en nýlegar hljóðritanir af sínfóníu nr. 3 eftir Mahler og sínfóníu nr. 4 eftir Shostakovitsj fyrir sömu útgáfu, hafa hlotið lofsamlega dóma.

Daniel Raiskin kemur nú fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands í annað sinn en hann þreytti frumraun sína með hljómsveitinni á tónleikum með ungum einleikurum í janúar á þessu ári.



AKIKO SUWANAI

EINLEIKARI

Japanski fiðluleikarinn Akiko Suwanai er yngsti sigurvegari Alþjóðlegu Tsjajkovskíj-keppinnar frá upphafi. Þá hefur hún unnið til fjölda annarra verðlauna, m.a. í Paganini-fiðluleppninni á Ítalíu og Queen Elisabeth-keppninni í Belgíu.

Suwanai hefur um árabíl notið alþjóðlegrar hylli og á nýbyrjuðu tónleikaári leikur hún í fyrsta sinn með Adelaide Sinfóníuhljómsveitinni í Ástralíu en einnig með Borgarhljómsveitinni í Birmingham, NHK-hljómsveitinni í heimalandinu, Hamburger Symphoniker og Fílharmóníuhljómsveitinni í Hong Kong. Þá ferðast hún með Philharmonia Orchestra og Esa-Pekka Salonen sem og Bamberger Symphoniker og Herbert Blomstedt. Í júní 2017 bíður hennar svo langt tónleikaferðalag um Japan með píanóleikaranum Boris Berezovsky.

Á liðnu starfsári lék Akiko Suwanai með Fíladelfíuhljómsveitinni, Finnsku útvarpshljómsveitinni og Fílharmóníuhljómsveitinni í St. Pétursborg. Þá lék hún með Mariinsky-hljómsveitinni undir stjórn Valerys Gergiev á opnunartónleikum tónlistarhátiðar Mariinsky-leikhússins sem helguð er Austurlöndum fjær. Af öðrum nýlegum gestgjöfum hennar má nefna BBC fílharmóníuna, Lundúnarsinfóníuna, Oslóarfílharmóníuna, Tékknesku fílharmóníuna, Orchestre de Paris og Dönsku útvarpshljómsveitina. Þá fór hún í tónleikaferð með Orchestra dell'Accademia Nazionale di Santa Cecilia og Sir Antonio Pappano. Meðal annarra nafntogaðra hljómsveitarstjóra sem hún hefur unnið með, eru Sir Andrew Davies, Vladimir Ashkenazy, Yuri Temirkanov, Susanna Mälkki, Sakari Oramo og Seiji Ozawa.

Akiko Suwanai stundaði nám hjá Toshiya Eto í Toho Gakuen tónlistarskólanum, í Columbia-háskólanum og Juilliard-tónlistarskólanum hjá Dorothy DeLay og Cho-Liang og í Lista-háskólanum í Berlín hjá Uwe-Martin Haiberg.

Akiko Suwanai leikur á Stradivarius fiðlu frá 1714 sem gengur undir nafninu „Höfrungurinn“. Fiðlan var áður í eigu Jascha Heifetz og er ein af frægustu fiðlum sem vitað er um. Það er japanska Nippon-tónlistarstofnunin sem lánar hljóðfærið.

Tónlistin á Íslandi

Akiko Suwanai hefur tvisvar sinnum áður leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Fyrst kom hún haustið 2001 og lék fiðlukonsert Tsjajkovskíjs undir stjórn bandaríska hljómsveitarstjórans Myrons Romanul en hitt verkið á efnisskránni var 4. sínfónía rússneska meistarans. Síðan kom hún aftur í janúar 2005 og lék 2. fiðlukonsert Sergejs Prokofjev og nú hélt Rumon Gamba um tónsprotann. Á undan konsertinum lék hljómsveitin 6. sínfóníu Josephs Haydn en eftir hlé hljómaði 6. sínfónía Dmítríjs Shostakovísj enda tónleikarnir hluti af tónleikaröðinni „Shostakovísj hringurinn“ sem byrjaði haustið 2003 og lauk vorið 2007.



AART STROOTMAN

Einleikari

Hollenski gítarleikarinn Aart Strootman (1987) hóf tónlistarferil sinn á unglingsárum, um það leyti sem hann var í námi hjá Dick Hoogeveen og Jorge Oraison við Konservatoríð í Rotterdam. Framhaldsnám stundaði hann við Fontys-listaskólann í Tilburg þar sem hann lauk bakkalárgráðu í tónlist með láði árið 2008. Tveimur árum síðar lauk hann mastersgráðu í tónlist og tónfræði frá sömu stofnun og þar á eftir MA-gráðu í tónvísindum frá Háskólanum í Utrecht.

Aart Strootman er, ásamt slagverksleikaranum Arnold Marinissen, listrænn stjórnandi nútímatónlistarhópsins F. C. Jongbloed en hópurinn pantar verk ungra tónsmíðanema frá gjörvöllu Hollandi. Þá stjórnar Strootman ásamt fleiri tónskáldum efnisvali nútíma-kammertónlistarraðarinnar De Link í Tilburg.

Í dúóinu Strootman/Stadhausers með gítarleikaranum Bram Stadhausers, leikur hann tónlist sem er blanda af snarstefjun og mínimalisma og 2012 stofnaði hann mínimal-kammer-metal hljómsveitina TEMKO. Þá leikur hann reglulega með ýmsum öðrum tónlistarhópum.

Aart Strootman hefur leikið einleik með Britten Sinfonia, Útvarpshljómsveitinni í Hessen og New York-fílharmoníunni. Þá hefur hann haldið einleikstónleika víða um lönd þar sem hann leikur oftast á heimasmíðuð hljóðfæri sem hann hefur þróað í samvinnu við tónskáld. Þannig var sem dæmi 8 strengja gítar gerður fyrir Steve Reich og 5 strengja borðhljóðfæri fyrir Anthony Fiumara.

Sem tónskáld hefur Strootman unnið með leikhúshópnum EELT og samið tónlist við mörg leikrit. Þá hefur hann skrifað fyrir F. C. Jongbloed, DissonArt Ensemble, TEMKO, Ramon Lormans, Jacqueline Hamelink, Vincent van Amsterdam og marga fleiri.

Aart Strootman hefur kennt tónlistarsögu, tónheyrn, tónlistargreiningu, heimspeki og túlkunarfræði við Fontys-listaskólann í Tilburg frá árinu 2009.



ANNA ÞORVALDSDÓTTIR

AERIALITY

Anna Þorvaldsdóttir (f. 1977) lauk BA-gráðu í tónsmíðum frá Listaháskóla Íslands vorið 2004, MA-gráðu í sömu grein vorið 2008 frá Kaliforníuháskóla í San Diego og doktorsgráðu við sama skóla þremur árum síðar. Hróður hennar hefur borist víða og eru verk hennar flutt um allan heim og hljómplötur með tónsmíðum hennar ítrekað á listum erlendra stórbláða yfir bestu plötur ársins í samtímatónlist. Þá hefur hún hlotið fjölda viðurkenninga, þar á meðal Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs 2012. Anna Þorvaldsdóttir er löngu komin í röð fremstu tónskálda samtímans og nú í ár er hún staðartónskáld Fílharmóníuhljómsveitarinnar í New York.

AERIALITY er samið fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands árin 2010–2011 og frumflutt á tónleikum í nýopnaðri Hörpu 23. nóvember 2011. Um verk sitt segir Anna:

„AERIALITY dansar á mörkum hljómsveitartónlistar og hljóðlistar, en í verkinu fléttast saman lagræn tónefni og þykkir hljóðmassar. Að hluta til samanstandur verkið af þykkum hljómmum þar sem öll hljóðfæri hljómsveitarinnar renna saman í eitt og mynda margradda hljóðvegg. Krómátískir hljómar eru stækkaðir með notkun kvarttóna til að skapa þetta hljóðáferð - mörkin á milli einstakra hljóðfæra verða óljós og hljómsveitin verður að þéttum massa. Þessi hljóðheimur kallast á við flæðandi efni þar sem smærri hljóðfærasamsetningar taka sig saman með tónefni sem ferðast á milli eininga innan hljómsveitarinnar. Við hápunkt verksins byggist upp breiður og óráður hljóðmassi. Hann leysist síðan upp í stutta lagræna hugleiðingu sem blómstrar í skamma stund og skilur eftir sig skugga af sjálfum sér.

Orðið AERIALITY vísar til þess að vera í lausu lofti, án haldreipis og þannig bæði til frelsis og óróleika. Þá vísar orðið einnig til þeirrar yfirsýnar sem fæst út lofti en ekki frá jörðu. Titill verksins er ennfremur orðaleikur þar sem orðunum *airial* og *reality* er blandað saman til að skapa andstæður; *reality* ber tilvísun í jörð, hið raunverulega, *airial* í himin, eða hið ósnertanlega.“

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur þrisvar sinnum flutt AERIALITY eftir Önnu Þorvaldsdóttur á tónleikum. Eftir frumflutninginn í nóvember 2011 hljómaði verkið aftur í Hörpu 26. febrúar 2013 en tónleikarnir báru að gefnu tilefni yfirskriftina Vestur um haf. Í kjölfarið var AERIALITY svo flutt á tónleikum á Norrænu menningarhátiðinni Nordic Cool í Kennedy Center í Washington. Önnur verk Önnu sem hljómsveitin hefur tekist á við eru Hrafninn, Dreaming Flow, Into - second self og Dreymi. Að þessum verkefnum komu hljómsveitarstjórnarnir Kurt Kopecky, Bernharður Wilkinson, Christian Lindberg, Rumon Gamba, Daníel Bjarnason og Ilan Volkov. Þá hefur tónlistarhópurinn Caput frumflutt og hljóðritað stærri kammerhljómsveitarverk Önnu Þorvaldsdóttur undir stjórn Snorra Sigfúsar Birgissonar.



ESA-PEKKA SALONEN

FIÐLUKONSERT

Esa-Pekka Salonen er í hópi mikilvirtustu samtímamanna á sviði klassískrar tónlistar. Sem hljómsveitarstjóri hefur hann stjórnað flestum af helstu hljómsveitum veraldar en hann er nú aðalstjórnandi Philharmonia Orchestra í Lundúnum og heiðursstjórnandi Fílharmóníuhljómsveitarinnar í Los Angeles.

Hljóðritanir hans á fjölbreytilegum verkum tónlistarsögunnar með fremstu hljómsveitum og tónlistarmönnum, hafa aflað honum fjölda tilnefninga og verðlauna í gegnum tíðina. Þá hafa tónverk Esa-Pekka Salonen verið flutt víða um lönd og hlotið ýmsar viðurkenningar.

Um tilurð fiðlukonsertsins segir höfundurinn:

„Upphaflega hvatningin að smíði fiðlukonserts var ákaflega gefandi og ánægjulegt samstarf við Leilu Josefowicz í nokkrum nútímatónverkum í Los Angeles og Chicago. Hún leikur nýja tónlist af sömu trúmennsku og glæsibrag og aðrir spara fyrir Brahms, Beethoven og allt það gengi.

Löng og ánægjuleg fastráðning mín sem aðalstjórnanda Los Angeles-fílharmóníunnar var að renna sitt skeið. Eftir 17 ár ákvað ég að tími væri kominn til að hugsa mér til hreyfings og verja meiri tíma til tónsmíða. Mér leið eins og jarðskjálfti hefði skekið tilveru mína og meðan vinnan við fiðlukonsertinn stóð yfir, fannst mér eins og ég væri á einhvern hátt að draga saman allt sem ég hafði lært og upplifað í lífinu fram að þessu. Sú tilfinning að komið væri að þáttaskilum var undirstrikuð af þeirri staðreynd að árin mín voru orðin 50, en sú tala þurrkar grimmilega út allar tálsýnir um að maður sé ungur.

Það er sterk, innri, persónuleg frásögn í konsertinum mínum og engin tilviljun að síðasti kaflinn ber yfirskriftina *Adieu*. Fyrir mér er allrasíðasti hlómurinn öflugasta tákn þess sem ég hafði gengið í gegnum; ný harmónísk hugdetta sem hvergi annarsstaðar kemur fyrir í konsertinum. Ég sá hana fyrir mér sem dyr að næsta hluta lífs míns sem ég vissi ennþá mest lítið um, brottför með tilheyrandi spennu og ótta við hið óþekkta.“

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Nýlega eignaðist Sinfóníuhljómsveit Íslands sína fyrstu kontrabassaklarínettu og verður hún vígð af Rúnari Óskarssyni á þessum tónleikum. Um klarínnettuna segir Rúnar: „Hljóðfærið er smíðað af Benedikt Eppelsheim í München, en hann sérhæfir sig í smíði jaðarhljóðfæra eins og piccolósaxófóna, kontrabassasaxófóna og kontrabassaklarínetta. Hönnunin er algjörlega hans eigin og hljóðfærið töluvert öðrúvisi í útliti en hljóðfæri annarra hljóðfærasmíða. Þannig er tilfinningin að spila á þessa nýju gerð mun líkari tilfinningunni að spila á bassaklarínettu sem gerir skiptingu milli þessara hljóðfæra auðveldari en annars. Hljóðfærið er úr málm og í heilu lagi, fyrir utan að bjalla og munnstykki eru laus. Þrátt fyrir að kontrabassaklarínetta sé sannarlega einhverskonar jaðarhljóðfæri, þá hefur Benedikt þegar smíðað nokkra tugi af þeim og fer frábært orð af þeim meðal notenda.“



JULIANA HODKINSON

**...CAN MODIFY COMPLETELY/IN THIS CASE/
NOT THAT IT WILL MAKE ANY DIFFERENCE**

Tónlist Juliönu Hodkinson (f. 1971) er fyrir margar sakir byltingarkennd. Tónlist hennar tekst ekki á við hið óhlutbundna, heldur frekar það, hvernig við högum okkur sem hlustendur, tónlistarmenn og mannlegar verur. Hún fjallar um samhengi tónlistarinnar.

Fletirnir sem lúta að samhenginu birtast stundum í öðrum miðlum, svo sem myndbandi, leikhúsi eða kvikmynd, eða þeim komið fyrir á tvíræðan hátt í tónlistinni. Þögnin er í miðdepli í tónlist Hodkinson, sem hefur skrifað doktorsritgerð um viðfangsefnið. Annars vegar er þögnin hluti af tónlistinni en á hinn bóginn mótsögn sem skerpur skynfæri okkar þegar við upplifum hljóðin.

...get umbreytt algjörlega/ þessu tilfelli/ ekki að það skipti neinu máli - var skrifað fyrir Aart Strootman, Dönsku Þjóðarkammersveitina og stjórnanda hennar Henrik Vagn Christensen. Verkið var frumflutt 27. nóvember 2015 við afhendingu Carl Nielsen og Anne Marie Carl-Nielsen heiðursverðlaunanna þar sem Juliana Hodkinson var einn verðlaunahafanna. Í byrjun þessa árs pantaði útvarpsstöðin Westdeutscher Rundfunk viðbót við verkið og var nýja gerðin frumflutt af Aart Strootman og WDR-sinfóníuhljómsveitinni á tónlistarhátíðinni Wittener Tage für neue Musik þann 24. apríl síðastliðinn.

Líkt og í mörgum verkum Hodkinsons, eru hefðbundin takmörk tónlistar könnuð. Allt, þar með talinn rafgítarinn, undirgengst stöðugar breytingar. „Strengir hans eru stilltir upp og niður í því skyni að framkalla gifurlegan hávaða á lága tónsviðinu sem og tætingslegar beygjur og sveigjur. Tónlistin og jafnvel hljóðfærin eru allan tímann að breytast“ - segir tónskáldið. Fyrirsagnir frá tímabilinu þegar verkið var í smíðum eru felldar inn í tónlistina sem Mors-merkjum eða hljóma umbreyttar gegnum ýmis tæki. „Þetta er tilraun til að tengja saman atburði líðandi stundar eins og þeir birtast í fjölmiðlum og efnislegt yfirbragð tónverksins.“ Titill verksins er fenginn úr kammeróperu Hodkinson og Troup, *Turbulence*, og fer flugmaður með textann í lok óperunnar.

Juliana Hodkinson býr nú og starfar í Berlín.



BENJAMIN STAERN

GODAI: FRUMEFNIN FIMM

Benjamin Staern (f. 1978) byrjaði ungur að læra á selló, píanó og slagverk. Síðar nam hann tónvísindi við Háskólann í Lundi og tónsmíðar hjá Rolf Martinsson, Hans Gerfors og Luca Francesconi við Tónlistarháskólann í Malmö. Hann vakti snemma athygli með sínfóníska verkinu *The threat of war* (1999). Síðan þá hefur Staern þróað sinn persónulega stíl í hljómsveitar-kammer- og einleiksverkum sem og raftónlist. Hann er í dag eftirsóttur tónsmíður og nýtur viðurkenningar sem einn af fremstu tónskáldum Svía. Eru verk hans flutt af hljómsveitum og túlkendum víða um heim.

Um verk sitt segir Staern:

„Mig hafði lengi langað að skrifa tónlist sem væri dansvæn og líkamelega móttækileg á ýmsa vegu. Godai er búddískt hugtak með áhrif frá hindúisma og þýðir á japönsku „stóru frumefnin fimm“ og vísar í japanska heimspeki um hernaðarlist. Búddíska heimspekin er ef til vill þekktust á Vesturlöndum í gegnum texta samúræjans Miyamoto Musaschi í ritverkinu *Bókin um fimm hringi*, sem útskýrir mismunandi hliðar sverðfimi og hernaðarlistar með því að tengja hverja þeirra viðkomandi frumefni. Hvert og eitt þeirra hefur ólíka eiginleika, en öll eru þau samtengjanleg. Frumefnin fimm eru mótuð á grunni frumkraftanna - jörð, vatni, eldi, lofti - og það fimmta er skuggi - sem sagt summan af öllum frumefnunum í eitt. Frá tónlistarlegu sjónarhorni hef ég notað hljómsveitina sem stóran hljóðlíkama þar sem einleikur og samleikur heyrir á víxl í gegnum verkið.“

Verkinu er skipt í fjóra kafla sem eru tengdir saman með skýrum leiðandi nútum eða hljómunum.

- 1) Jörð. Inngangur: stífni, stöðugleiki, líkamsástand sem gefur þéttleika.
- 2) Vatn. Aría: tilfinning, varúð, aðlögun, sveigjanleiki sem heldur hlutum saman.
- 3) Eldur. Millipáttur: ástríða, árásargirni, kraftur, hiti sem vermir og umbreytir sér.
- 4) Loft/skuggi. Niðurlag: vilji, hviklyndi, viska sem blandast afli, hugviti, sjálfkrafa hugdettu - sem myndar kjarnahvörf.

Sigurður Ingvi Snorrason



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Hallfríður Ólafsdóttir og Þórarinn Már Baldursson hafa skapað víðförlustu mús Íslandssögunar.



Hallfríður: Það að kynnast aðeins einfaldri tónlist er ekki ólíkt því að vera alinn upp **bara á pylsum.**

Þórarinn: Já, sem eru auðvitað ágætari í hófi en maður þarf annað með. **Hallfríður:** Börn eru með galopin huga og fordómalaus en mörg þeirra fá sjaldan tækifæri til þess að heyra annað en létt lög.

Börn eru þakklátir og hrifnæmir áhorfendur enda má upplifa svo margt og læra um lífið og mannlegar tilfinningar með hjálp tónlistar. Ungu fólkið er ávallt áfúsgestir hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Á undanförunum árum hefur hljómsveitinni borist öflugur lífsstyrkur í honum Maxímús Músíkús, tónlistarmús sem kynnir börnum á öllum aldri galdur tónlistarinnar. Þau Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari og Þórarinn Már Baldursson víóluleikari hafa skapað þessa skemmtilegu og forvitnu mús

sem er á góðri leið með að sigra heiminn því að sögurnar hans hafa verið þýddar á mörg tungumál og gefnar út ásamt geisladiskum. Maxímús hefur einnig heimsótt þó nokkrar sínfóníuhljómsveitir í öðrum löndum. Engin íslensk mús er því sigldari eða frægari, geri aðrar betur!

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is

Á DÖFINNI



NORRÆNA RÖÐIN

Á fjölmörgum tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar í vetur má finna áhugaverð og rismikil verk norrænna tónskálda og einleikara í fremstu röð. Orð eins og „fegurð og spenna“ og „fullkomlega sannfærandi heild“ hafa meðal annars fallið í ritdómum um þau verk sem verða á efnisskrá hljómsveitarinnar á þessum tónleikum. Meðal einleikara og einsöngvara sem fram koma eru dansk-sænski sellósnillingurinn Andreas Brantelid, finnski klarínattleikarinn Kari Kriikku og sópransöngkonan Helena Juntunen, en meðal norrænna tónskálda má nefna Magnus Lindberg, Kaiju Saariaho, Kalevi Aho og Jean Sibelius. Saman mynda þessir tónleikar norræna röð þar sem töfrandi tónmál snillinga frá 19. öld fram á okkar daga er í forgrunni.

FIM 06 OKT 19:30

NORRÆNIR MÚSÍKDAGAR

FIM 13 OKT 19:30

MAGNUS LINDBERG

FIM 10 NOV 19:30

ANDREAS BRANTELID

FIM 19 JAN 19:30

SAARIAHO OG SIBELIUS

FIM 26 JAN 19:30

DANÍEL STJÓRNAR MYRKUM

FIM 16 MAR 19:30

KALEVI AHO

FIM 11 MÁI 19:30

FIMM SÖNGVAR OG SINFÓNÍA



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



©DISNEY

BÍÓTÓNLEIKAR

FANTASÍA DISNEYYS

06 - 07 - 08 OKT

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

29. SEPTEMBER 2016

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Mark Reedman
Ágústa María Jónsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Andrzej Kleina
Hildigunnur Hallsdórsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir

2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares
Vera Panitch
Gunnhildur Daðadóttir
Greta Guðnadóttir
Kristján Matthíasson
Dóra Björgvinsdóttir
Christian Diethard
Roland Hartwell
Ólöf Þorvarðsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Þórdís Stross

VÍOLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Sarah Buckley
Þórarinn Már Baldursson
Móeiður Sigurðardóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Eyjólfrur Bjarni Alfreðsson
Kathryn Harrison
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Margrét Árnadóttir
Lovísa Fjeldsted
Hrafnkell Orri Egilsson

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

FLAUTA

Martial Nardeau
Hafdis Vigfúsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir

ÓBÓ

Matthías Nardeau
Peter Tompkins
Eydís Franzdóttir

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson
Ármann Helgason

FAGOTT

Michael Kaulartz
Brjánn Ingason
Bryndís Þórsdóttir

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Frank Hammarin
Halldór Bjarki Arnarson

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Ásgeir Steingrímsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Matthew Hightower

HARPA

Katie Buckley

PÍANÓ/CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Kjartan Guðnason

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Osmo Vänskä *aðalgestastjórnandi*
Vladimir Ashkenazy *heiðursstjórnandi*
Daniel Bjarason *staðarlistamaður*

Arna Kristín Einarsdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördis Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Greipur Gíslason *verkefnastjóri*
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*
Jökull Torfason *umsjónarmaður nótna*

Á DÖFINNI

FIM 06 OKT 19:30 **FOS 07** 19:30 **LAV 08** 17:00



FANTASÍA DISNEYS

Fáar teiknimyndir hafa vakið jafn almenna aðdáun og Fantasia Disney. Myndin markaði tímamót þegar hún kom fyrst út árið 1940 þar sem sígldri tónlist og teiknimyndum var blandað saman á eftirminnilegan hátt. Nú gefst aðdáendum klassískra teiknimynda tækifæri til að koma á glæsilega bíótónleika í hæsta gæðaflokki með Sinfóníuhljómsveit Íslands þar sem tónlist við upprunagerð Fantasiu og Fantasiu 2000 er leikin. Hljómsveitarstjóri kvikmynda-tónleikanna er bandaríski Broadway-jöfurinn Ted Sperling.

FIM 13 OKT 19:30



HETJUHLJÓMKVIÐAN

Hetjuhljómkviða Beethovens er eitt af tímamótaverkum tónlistarsögunnar sem sprengdi öll viðmið um það hvað sínfónía átti að vera. Magnus Lindberg er eitt frægasta tónskáld Norðurlanda um þessar mundir. Fiðlukonsert hans frá árinu 2006 er glæsilegt verk þar sem gamall og nýr tími mætast. Á tónleikunum má einnig heyrja verk Þuríðar Jónsdóttur *Flow and Fusion*. Einleikari er breski fiðluleikarinn Jack Liebeck og stjórnandi Daniel Bjarnason, staðarlistamaður SÍ.

FIM 27 OKT 19:30



MOZART OG GRIEG

Michael Kaulartz 1. fagottleikari SÍ hefur vakið mikla aðdáun tónleikagesta fyrir safaríkan tón og tjáningarríka túlkun. Nú verður hann í hlutverki einleikarans, í ljúfum og innblásnum konserti sem Mozart samdi aðeins 18 ára gamall. Að öðru leyti er leikhústónlist allsráðandi á þessari efnisskrá sem Pascal Tortelier, nýráðinn aðalstjórnandi SÍ, setti saman m.a. forleikurinn að *Brottnáminu úr kvennabúrinu* og tónlist Griegs við *Pétur Gaut*.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

2016



2017

**REGNBOGAKORT
GOTT SÆTI
MEÐ GÓÐUM
AFSLÆTTI
SINFONIA.IS**

Með Regnbogakorti getur þú valið ferna eða fleiri tónleika af öllum tónleikum starfsársins og tryggt þér gott sæti og 20–50% afslátt.
Komdu við í miðasölu Hörpu eða á sinfonia.is og gakktu frá kaupunum.

Miðasala í Hörpu / sinfonia.is / harpa.is / 528 50 50

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA